# Saman gegn ofbeldi í Reykjavík
# Samtekt um verkefnið

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir,  Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 28.9 2023

# Hvað er saman gegn ofbeldi?

Saman gegn ofbeldi er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins, Heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu og Sýslumannsins á Höfuðborgarsvæðinu í heimilisofbeldismálum.  Verkefnið hófst í janúar 2015.



*... Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl…*

# Markmið samstarfsins

Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Sérstaklega hefur verið horft til jaðarsetta hópa í verkefninu en í samþykkt borgarstjórnar var tilgreint að hafa þyrfti í huga stöðu fatlaðra kvenna og innflytjenda.

Leiðarljós Reykjavíkurborgar í þessari vinnu er mannréttindastefna borgarinnar



## Stýrihópur Saman gegn ofbeldi




## Þau sem sitja í stýrihópnum:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Formaður/Anna Kristinsdóttir til vara
Marta Kristín Heiðarsdóttir, Lögr. Höf.
Kristmundur Stefán Einarsson, Lögr. Höf.
Ástþóra Kristinsdóttir, Heilsug. á Höf
Linda Dröfn Gunnarsdóttir, Kvennaathvarf
Elísabet Gunnarsdóttir, barnav. Reykjav.
Helga Sigurjónsdóttir, velferðarsviði
Elva Dögg Ásud. Kristinsdóttir, Sýslum. á Höf.
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, mannr. og lýðr. skrifstofu

# Fjárveitingar Reykjavíkurborgar til verkefnisins 2015-2022

| Ár | Fjárveiting | Nýtt | Mismunur |
|---|---|---|---|
| 2015 | 45.500.000 | 35.238.133 | 10.261.867 |
| 2016 | 44.817.000 | 40.913.057 | 3.903.943 |
| 2017 | 44.790.000 | 42.826.985 | 1.963.015 |
| 2018 | 44.842.492 | 43.411.297 | 1.431.195 |
| 2019 | 44.925.557 | 43.650.915 | 1.274.642 |
| 2020 | 39.012.414 | 51.400.189 | -12.387.775 |
| 2021 | 41.097.987 | 50.946.351 | -9.848.364 |
| 2022 | 52.706.883 | 47.807.257 | 4.899.626 |
| Samtals | **357.692.333** | **356.194.184** | **1.498.149** |

# Áföll auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum

11.04.2019 - 17:09 Heilbrigðismál · Innlent


Mynd: Grímur Jón Sigurðsson / RÚV

Þeir sem hafa glímt við áfallastreituröskun eru í aukinni áhættu á að greinast síðar með hjarta-og æðasjúkdóma. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna við Háskóla Íslands og Karolinska

**ÁSRÚN BRYNJA INGVARSDÓTTIR**
Fréttastofa RÚV
Senda skilaboð

Unnur Anna Valdimarsdóttir

https://www.ruv.is/frett/afoll-auka-haettu-a-hjarta-og-aedasjukdomum

## Konur með ofbeldissögu líklegri til að fá hjartaáfall en þær sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum rannsóknar sem verið er að vinna um þessar mundir eru konur sem hafa orðið fyrir líkamlegu- eða kynferðislegu ofbeldi allt að tvöfalt líklegri til að fá hjartaáfall en jafnöldrur sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi.

https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-03-konur-med-ofbeldissogu-liklegri-til-ad-fa-hjartaafall-en-thaer-sem-ekki-hafa-ordid-fyrir-ofbeldi

Nýgengi geðraskana eykst í kjölfar áfalla þ.m.t. ofbeldis – kynferðisofbeldis, heimilisofbeldis.

Tengsl áfalla og áfallatengdra raskana við þróun líkamlegra sjúkdóma.

Fólk með áfalla- og streitutengdar raskanir; áfallastreituröskun, áfallastreituviðbrögð, aðlögunarröskun er í um:

- 30% aukinni áhættu á fjölmörgum sjálfsofnæmissjúkdómum.
- 30-60% aukinni áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og
- 50% aukinni áhættu á ýmsum lífshættulegum sýkingum

# Ferlið í stuttu máli……

- Hringt er í 112. Ef það er útkall vegna heimilisofbeldis kemur lögreglan á staðinn. Ef það er barn eða börn á staðnum þá er einnig kölluð til starfsmanneskja barnaverndar Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafi. Barnaverndarstarfsmanneskja styður við barnið/börnin en félagsráðgjafinn styður við brotaþola. Ef barn eða börn eru ekki á staðnum en tengd aðilum er það í verklagi að lögregla kalli til þjónustu félagsráðgjafa.
- Símtal við brotaþola næsta virka dag, félagsráðgjafi.
- Ráðgjöf og aðstoð á þjónustumiðstöð.
- Gerandi hvattur til að sækja sér meðferð.

# Hlutverk Reykjavíkurborgar í verkefninu

- Útköll - mætt þegar börn eru á staðnum og/eða þegar er samþykki fyrir heimsókn. (Verklag sameiginlegt með lögreglu). Einnig mætt þegar barn er skráð á brotaþola
- Stuðningur við brotaþola á miðstöðvum.
- Gerendum boðin aðstoð.
- Skimun fyrir ofbeldi á miðstöðvum velferðarsviðs.
- Tölfræði safnað, haldið til haga og birt á netinu.



# Hlutverk Reykjavíkurborgar frh.

- Samstarf, reglubundið.
- Verkefnisstjóri í hálfu starfi.
- Túlkaþjónusta, m.a. símatúlkun.
- Fræðsla/þekkingarmiðlun til starfsfólks í verkefninu.
- “Útgáfa” upplýsingaefnis um heimilisofbeldi.
- Greining á stöðu ákveðinna hópa, aðgerðir í kjölfarið.








Þarft þú hjálp?

**Réttinda-gæsla fatlaðs fólks** getur hjálpað þér.
Hjá Réttinda-gæslu fatlaðs fólks vinnur fólk sem á að hjálpa fötluðu fólki.

Þau hjálpa fötluðu fólki að fá réttindi sín og gefa góð ráð.
Þú getur hringt í þau í síma **554-8100**
Þú getur líka sent þeim tölvu-póst á net-fangið *postur@rettindagaesla.is*

**Ert þú í hættu?**
Hringdu í síma **112** ef þú ert í hættu.
Þú getur líka spjallað á heimasíðunni *112.is*

**Hefur þú orðið fyrir ofbeldi?**
Þú getur fengið hjálp.

**Stíga-mót**
Á Stíga-mótum vinnur fólk sem hjálpar þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi.
Síminn er **562-6868**.
Tölvu-pósturinn er *stigamot@stigamot.is*

**Bjarkar-hlíð**
Í Bjarkar-hlíð vinnur fólk sem hjálpar þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Þar er líka hægt að tala við lögregluna.
Síminn er **553-3000**.
Tölvu-pósturinn er *bjarkarhlid@bjarkarhlid.is*

**Kvenna-athvarfið**
Kvenna-athvarfið er öruggur staður fyrir konur og börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi heima hjá sér.
Síminn er **561-1205**.
Tölvu-pósturinn er *kvennaathvarf@kvennaathvarf.is*

**Reykjavíkur-borg**

**Austur-miðstöð**
Síminn er **411-1400**.
Tölvu-pósturinn er:
*austurmidstod@reykjavik.is*

**Norður-miðstöð**
Síminn er **411-1500**.
Tölvu-pósturinn er
*nordurmidstod@reykjavik.is*

**Suður-miðstöð**
Síminn er **411-1300**.
Tölvu-pósturinn er
*sudurmidstod@reykjavik.is*

**Vestur-miðstöð**
Síminn er **411-1600**.
Tölvu-pósturinn er
*vesturmidstod@reykjavik.is*

**Líður þér svo illa að þú hugsar um að meiða þig?**

Lífið þitt er dýrmætt og þú getur fengið aðstoð ef þér líður illa.

**Píeta samtökin**
Píeta samtökin hjálpa fólki sem vill meiða sig eða langar að deyja. Þú getur alltaf hringt í þau, sama hvort það er nótt eða dagur.
Síminn er **552-2218**.
Tölvu-pósturinn er *pieta@pieta.is*

Fatlað fólk fær hjálp á öllum þessum stöðum.
Hjálpin er ókeypis og fyrir allt fatlað fólk.

Reykjavík



# Fjöldi útkalla lögreglunnar í Reykjavík 2014-2022



# Fjöldi útkalla Reykjavíkurborgar eftir kyni gerenda 2015-2022



# Fjöldi útkalla Reykjavíkurborgar 2015-2022 eftir kyni brotaþola



# Fjöldi viðtala í Kvennaathvarfinu við konur sem eru ekki í dvöl



# Útköll eftir kyni og aldri brotaþola 2015-2022, Reykjavík



# Hlutfall gerenda með erlent/íslenskt ríkisfang í útköllum borgarinnar og hlutfall af íbúum í Reykjavík



# Hlutfall brotaþola með erlent/íslenskt ríkisfang í útköllum borgarinnar og hlutfall af íbúum í Reykjavík



# Tengsl gerenda og brotaþola, ofbeldi af hálfu hvers eftir kyni brotaþola 2022 í útköllum borgarinnar



# Fjöldi barna í Kvennaathvarfinu 2014 til 2022




Börn á vettvangi og börn með lögheimili á vettvangi í útköllum sem Reykjavíkurborg fer í

| Ár | Börn á vettvangi | Börn með lögheimili á vettvangi |
|---|---|---|
| 2015 | 62% | 71% |
| 2016 | 67% | 71% |
| 2017 | 66% | 68% |
| 2018 | 58% | 68% |
| 2019 | 55% | 63% |
| 2020 | 61% | 69% |
| 2021 | 59% | 60% |
| 2022 | 53% | 56% |






# Áhrif heimilisofbeldis á börn

| SMÁBÖRN | LEIKSKÓLA-BÖRN | 5-12 ÁRA | 12-14 ÁRA | 15-18 ÁRA |
|---|---|---|---|---|
| Dafna illa | Ráðast á aðra | Yfirgangur | Ofbeldi á stefnumótum | Ofbeldi á stefnumótum |
| Deyfð | Hanga í fólki | Árásargirni | Yfirgangur | Strok að heiman |
| Óværð | Kvíði | Þunglyndi | Lítið sjálfsálit | Lægri einkunnir og léleg mæting í skóla |
| Breyttar matar- og svefnvenjur | Grimmd við dýr | Kvíði | Sjálfsvígstilraunir | Virðingarleysi við konur |
| Seinkun í þroska | Skemmdarfýsn | Hlédrægni | Einkenni áfallastreitu | Misnotkun áfengis eða annara vímuefna |
| | Einkenni áfallastreitu | Einkenni áfallastreitu | Skróp í skóla | |
| | | Neikvæðni | Líkamleg vanlíðan | |
| | | Skemmdarfýsn | Virðingarleysi við konur | |
| | | Verri árangur í skóla | | |
| | | Virðingarleysi við konur | | |



# Hvað skiptir máli?

**Í verkefninu**

✓Gott samstarf milli þeirra stofnana/fólks/samtaka sem vinnur saman.
✓Tenging við grasrót og háskólasamfélagið.
✓Kjörnir fulltrúar sem hafa skilning og þekkingu á ofbeldi.
✓Þekking fagfólks á ofbeldi.

**Almennt**

✓Hugrakkt fólk sem stígur fram og segir sögu sína.
✓Að við séum öll vakandi fyrir því að ofbeldi á sér stað.
✓Að við leggjum öll okkar lóð á vogarskálina til að koma í veg fyrir ofbeldi – reynum að skapa samfélag þar sem ofbeldi líðst ekki.

Saman gegn ofbeldi…..aðeins þannig tekst það!

